

19. gr.

Heimilt er útvarpsstjóra, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að semja við aðra aðila um að reisa og reka sendistöðvar og endurvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins.

20. gr.

Ríkisútvarpið hefur sama rétt og fjarskiptafyrirtæki um nauðsynlegar lagnir um lönd manna, lóðir og byggingar vegna starfsemi sinnar. Óheimilt er að leggja svo nýjar lagnir að þær trufla lagnir eða tæki Ríkisútvarpsins. Reynist raflagnir, vélar eða tæki fyrirtækja sem stofnsett eru í nágrenni útvarpsstöðva valda truflunum á starfsemi Ríkisútvarpsins eða útvarpsstöðva er leyfi hafa til útsendinga, sbr. ákvæði útvarpslaga, er viðkomandi stöðvum heimilt að gera eða fyrirskipa á kostnað eiganda nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra slíkar truflanir. Sama gildir ef fyrirtæki breyta starfsemi eða vélabúnaði sínum þannig að truflunum valdi. Starfsmönnum Póst- og fjarskiptastofnunarinnar er heimilt að fara talmunarlaust um lönd manna til eftirlits eða athugana á þessum efnunum en skulu forðast að valda eigendum eða íbúum meiri óþægindum en brýnasta nauðsyn krefur.

Gjört á Bessastöðum, 30. júní 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Björn Bjarnason.

18. júlí 2000

Nr. 123

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 18. júlí 2000.

Davíð Oddsson.

Kristján A. Stefánsson.